



# DKG

INTERNATIONAL SOCIETY  
FOR KEY WOMEN EDUCATORS

*Haust 2017*

*Félag kvenna í fræðslustörfum  
á Íslandi*

## **Djúpar rætur**


Gegnum aldir arfleifð sína vörðu  
íslensk hugsun, tunga og mál.  
Hvar sem falin liggur lind í jörðu  
lifir sífrjó gróðurnál.

Lífsins glit til sinna hugarheima  
hefur þjóðin löngum sótt.  
djúpar rætur gróðurmáttinn geyma  
gefa nýjum vexti þrótt.

Kristbjörg Freydís Steingrímisdóttir



## Frá samskipta- og útgáfunefnd



### Kæru DKG systur!

Hautfréttabréf DKG 2017 birtist ykkur hér á vefsíðu DKG.

Margt áhugavert kemur hér fram og eru DKG deildir greinilega að vinna vel og af metnaði. Forseti landsambandsins Jóna Benediktsdóttir segir frá glæsilegri Evrópuráðstefnu í Tallinn í Eistlandi sumarið 2017. Þar mættu 13 íslenskar DKG konur og fluttu nokkrar þeirra fróðlega fyrirlestra á ráðstefnunni. Í pistli forseta kemur einnig fram að tvær okkar kvenna hafi verið tilnefndar til starfa á alþjóðavettvangi. Það eru þær Eygló Björnsdóttir í Betadeild sem er tilnefnd til setu í uppstillingarnefnd og Ingibjörg Jónasdóttir í Gammadeild er tilnefnd til Evrópuforseta en kosið verður til þessara embætta í Austin í Texas í júlí 2018.

Vakin er athygli á pistlum frá tveimur Beta systur. Þorgerður Sigurðardóttir segir frá starfi deildanna á Akureyri í tengslum við alþjóðadag kennara 5. október og Sigríður Magnúsdóttir segir frá þátttöku sinni í sínu fyrsta landssambandsþingi sem haldið var á Akureyri vorið 2017. Flestar deildir hafa sent fréttir af starfi þeirra og er skemmtilegt að fá að fylgjast með því fjölbreytta starfi sem þar fer fram.

Síðast en ekki síst má lesa áhugavert viðtal við þá merku konu Áslaugu Brynjólfsdóttur í Alfadeild, sem Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, formaður Alfadeildar tók vorið 2017. Áslaug var heiðruð á landsambandsþingi DKG í maí 2017.

Verum virkar og tökum þátt í félagsstarfinu og starfi landssambandsins. Það er alltaf gefandi að hittast, spjalla og deila því sem á okkur brennur hverju sinni.

Samskipta- og útgáfunefnd DKG óskar ykkur og fjölskyldum ykkar gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Elinborg Sigurðardóttir, Guðrún Þórunna Jónsdóttir og Málfríður Kolbrún Guðnadóttir.  
Epsilondeild



## Pistill frá landssambandsforseta Jónu Benediktsdóttur



Þó að það sé fremur óraunverulegt er haustið liðið og veturinn tekinn formlega við, ég segi óraunverulegt vegna þess að enn hefur ekki svo mikið sem snjóað í fjöll hér vestra. Þó að líf okkar nútímafélksins sé minna háð veðri en forfeðra okkar leikur það samt stórt hlutverk í lífi okkar og, ég að minnsta kosti, gleðst yfir hverjum góðviðrisdeginum sem líður.

Sú stjórn sem nú starfar í félaginu okkar tók við í júlí. Auk undirritaðrar eru í henni Helga Steinsson úr Zetadeild, Helga Halldórsdóttir úr Gammadeild, Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir úr Alfadeild og Jónína Hauksdóttir úr Betadeild. Jensína Valdimarsdóttir úr Deltadeild starfar með okkur sem gjaldkeri og Eygló Björnsdóttir úr Betadeild sem er fyrrverandi landssambandsforseti starfar líka með stjórninni og er okkur ómetanleg stoð og stytta. Auður Torfadóttir var svo elskuleg að taka áfram að sér starf lögsögumanns. Fyrir mig eru það foréttindi að fá að starfa með þessum frábæru konum.

Vegalengdir munu setja nokkuð mark sitt á störf þessarar stjórnar því segja má að hún dekki alla landshluta, við lítum ekki á það sem ókost heldur sem stöðu sem krefst lausna og höfum notað tæknina til að funda þó að auðvitað sé líka nauðsynlegt að hittast stundum í raunheimi.

Þrettán íslenskar konur fóru á Evrópuráðstefnuna í Tallinn í sumar. Dagskráin samstóð af fjöldanum öllum af áhugaverðum fyrirlestrum. Margir þeirra fjölluðu um skólakerfið í Eistlandi, en Eistar hafa einmitt náð mjög góðum árangri í alþjóðlegum könnunum og margt er hægt að læra af þeim. Svo voru fyrirlestrar frá DKG konum um þau fjölbreyttu viðfangsefni sem þær eru að fást við og kynningar á ýmsum möguleikum sem konum standa til boða í starfi samtakanna. Í þessum hlutum áttum við nokkrar konur sem fluttu erindi og færi ég þeim öllum mínar bestu þakkir. Þó að Ísland sé fámennt í alþjóðlegum samanburði endurspeglar þátttaka okkar í DKG það ekki og sást það vel í Tallinn.



Það er alltaf eitthvað í gangi á alþjóðavettvangi hjá DKG. Við eigum eina konu á International Speakers Fund listanum, það er Gunnhildur Óskarsdóttir úr Kappadeild og nú hafa tvær af okkar konum verið tilnefndar til starfa á alþjóðavettvangi. Það eru þær Eycló Björnsdóttir sem er tilnefnd til setu í uppstillingarnefndinni og Ingibjörg Jónasdóttir úr Gammadeild sem er tilnefnd til Evrópuforseta en kosið verður í þessi embætti í Austin í júlí 2018. Við getum sannarlega verið stoltar af þessum félögum okkar.

Á síðu alþjóðasamtakanna er mikið af gagnlegum upplýsingum og nýjar fréttir koma reglulega þar inn, ég hvet ykkur til að skoða síðuna <http://www.dkg.org/> reglulega. Nú er til dæmis þar inni könnun um hvort félagskonum þyki mikilvægt að kosið sé um nýja meðlimi.

Delta Kappa Gamma er félagsskapur sem snýst að efla tengslanetið og styrkja þannig konur til forystu. Það er að mínu mati mikilvægt að við tökum þessa forystu og blöndum okkur í umræðu um menntamál á öllum þeim stöðum sem það er mögulegt og þá ekki síst á samfélagsmiðlum. Umræða á samfélagsmiðlum er oft óvægin og stundum byggð á heldur lítilli þekkingu. Slík umræða er ekki líkleg til að vera uppbyggileg eða leiða til framfara og það er vel skiljanlegt að fólk sem hefur þekkingu á málaflokkunum hreinlega nenni ekki að fara af stað í hana. En eina leiðin til að breyta þessu er að fagmenn taki þátt í umræðunni af fullum krafti hverju sinni og reyni þar með að færa hana í betri farveg. Ég hvet ykkur því til að taka þátt í umræðum um menntamál þegar slík umræða fer fram á samfélagsmiðlum því þar getum við haft góð áhrif út í samfélagið með málefnalegri viðbót.

En talandi um góðviðri, veran í DKG hefur samskonar áhrif á sálarlífið og góðviðristið ef maður leyfir sér að taka þátt í öllu því uppbyggjandi starfi sem er í boði á vegum deildanna, landssambandsins og alþjóðasamtakanna.

Það er líka mikilvægt að muna að ekkert gerist af sjálfu sér. Með þátttöku í starfinu hefur maður jafnframt áhrif á hvernig það mótast. Ég hvet ykkur til að vera virkar og mæta vel á deildarfundina því það er þaðan sem næring félagsins kemur og þar getur maður bæði gefið og þegið.

Bestu kveðjur að vestan!  
Jóna Benediktsdóttir





## Fyrsta landssambandsþingið mitt



Ég heiti Sigríður Magnúsdóttir og er í Betadeild DKG, ég byrjaði í Beta árið 2011 og er afar þakklát fyrir að hafa fengið að njóta þeirra forréttinda að starfa með deildinni og samtökunum. Ég var tvístígandi til að byrja með en mætti á fundi og kynnti mér samtökin. Ég sá að þarna bjó auður sem ég gæti notið góðs af og mér hugnuðust markmið samtakanna. Á þeim sex árum sem ég hef starfað með deildinni hefur margt verið brallað m.a. að undirbúa eitt stykki Landssambandsþing. Það voru Beta og Mý deildir sem skipulögðu þingið að þessu sinni.

Ég var beðin um að segja frá upplifun minni af Landssambandsþinginu sem haldið var í Kvosinni í Menntaskólanum á Akureyri 6. - 7. maí 2017 undir yfirskriftinni "Fyrsta og faglegt lærdómssamfélag". Í fyrstu hugsaði ég með mér að það væri nú ekki efni í pistil eða grein að skrifa um það! Ég ákvað samt sem áður að athuga hvað kæmi út úr því að setjast niður og skrifa um þetta. Ég byrjaði á að skoða hvað væri búið að skrifa um þingið og komst að því að það er heilmikið ritað í vorfréttabréfið þar sem bæði dagskrá og efni fyrirlestra eru gerð mjög góð skil.

En hver var mín upplifun? Fyrir okkur sem komum að undirbúningnum að þinginu þá stóð það lengur yfir en þessa tvo daga því það var að mörgu að

hyggja. Ég segi *okkur* þrátt fyrir að ég hafi ekki verið í undirbúningsnefnd en það var þannig að allar lögðust á eitt til þess að hlutirnir gengju upp. Þarna kom í ljós hve samhentar við erum og að margar hendur vinna létt og skemmtilegt verk.

Það sem er eftirminnilegt frá laugardeginum er að veðrið lék við okkur, sólin skein og það var gleði í loftinu. Fyrirlestrarnir voru bæði fræðandi og skemmtilegir og ég er alveg sannfærð um að samtökin eru í sjálfu sér lærdómssamfélag – engin spurning! Mér er það líka eftirminnilegt þegar ég og Elín Magnúsdóttir örkuðum með konur í gegnum Lystigarðinn og innbæinn og þurftum að hraða för þar sem dagskráin var þéttskipuð. Í innbænum biðu svo bílar til að skutla þeim sem vildu í móttöku í Ketilhúsinu þar sem mátti skoða listaverk eftir leik- og grunnskólanemendur í bænum. Um kvöldið var það sparigallinn, mæting á Icelandair hótelið stundvíslega klukkan 19:30.

Það kvöld var stórkostlegt, ég man að mig var farið að verkja í kinnarnar á tímabili, þvílík skemmtiatriði. Ég sat til borðs með konum sem ég þekkti ekki allar fyrir, við hlógum og spjölluðum og nutum kvöldsins. Ég verð að nefna leikinn sem við fórum í þegar við áttum að gefa okkur á tal við konu sem við þekktum ekkert og segja frá okkur – ég man vel eftir þeirri konu sem ég lenti með og við náðum að tengja. Ég er ekki hrifin af svona leikjum, finnst þeir oft óþægilegir en þessi virkaði. Daginn eftir var svo aðalfundurinn, honum var stýrt af röggsum konum sem létu hlutina ganga hratt og vel fyrir sig. Það finnst mér kostur á svona fundum;-)

Ég hef ekki tölu á þeim konum sem ég hef kynnst í gegnum DKG, það bættust margar við á þessu þingi sem mér fannst bæði fræðandi og skemmtilegt. Takk fyrir samveruna!

## *Hvatning til góðs*

*Þeir einstaklingar blómstra sem rækta með sér góða mannlega eiginleika. Maðurinn hefur hæfileika til að elska, fræðast, eignast vini, njóta tónlistar, íþróttar, yrkja ljóð og rökgræða við aðra svo að eitthvað sé nefnt. Erum við Íslendingar almennt að vanda okkur nægilega við umönnun barna okkar þannig að við ræktum með þeim þá eiginleika sem hjálpa þeim til að blómstra sem manneskjur? Að þau rækta með sér vinarfel, geti elskað og sýnt kærleika í verki, notið tónlistar, ort ljóð og átt uppbyggilegar samræður? Þroskist edlilega?*

*Námsárangur barna ræðst m.a. af þeirri hvatningu og stuðningi sem þau fá heima og lífstíl á hverjum stað. Samvera með fjölskyldu og góð líðan í skóla dregur úr líkum á áhættuþegðun ungs fólks. Ungmennni í góðu andlegu jafnvægi mynda jákvæðari tengsl við jafningjahópinn. Taumhald, leiðsögn, skyldurækni og lífsgleði. Fleiri hugtök mætti nefna um skuldbindingar okkar við börnin. Það er mikilvægt að fjalla um nauðsyn þess að vanda umhverfi og aðstæður ungmenna ef við viljum stuðla að því að þau vaxi upp sem ábyrgir og hamingjusamir einstaklingar.*

*Ásdís J. Rafnar (Í dag um tilveruna og trúna. Hugleiðingar 366 Íslendinga.)*





## Fréttir frá deildum

### Alfa



Haldnir hafa verið tveir fundir á árinu 2017. Fyrri fundurinn var haldinn í Veröld, húsi Vigdísar Finnbogadóttur við Brynjólfsgötu, þann 4. október. Fastir liðir voru með hefðbundnum hætti. Elsa Petersen var með orð til umhugsunar og fjallaði um mikilvægi tungumálabeckingar. Hún fjallaði um hið mikla framlag Vigdísar Finnbogadóttur við að reisa þetta nýja hús fyrir tungumál og tungumálakennslu. Gjaldkeri fór yfir stöðu fjármála Alfadeildarinnar. Tilkynnt var að næsti landsambandsfundur yrði á Egilsstöðum 5. maí nk. Mögulegt væri að fljúga austur að morgni og til baka að kvöldi. Einnig var sagt frá Evrópuráðstefnunni sem verður haldin á Íslandi 2019 og Alþjóðaráðstefnu á næsta ári í Texas.

Vigdís Finnbogadóttir var heiðruð fyrir framlag sitt til byggingar Veraldar og óskað til hamingju með þetta glæsilega hús. Formaður Alfadeildar færði henni blómvönd. Síðan var haldið í skoðunarferð um húsið og sýndi Vigdís félagskonum skrifstofu sína í húsinu. Húsið er allt hið glæsilegasta og voru félagskonur hrifnar. Þær höfðu tök á að hlusta á æfingu hjá Fjölmeningarkór í sal hússins. Að lokinni skoðunarferðinni voru veitingar í kaffistofu Veraldar.

Annar fundur ársins var haldinn í Menntamálastofnun við Víkurhvarf þann 7. nóvember. Fundarstörf voru hefðbundin. Guðríður Sigurðardóttir flutti orð til umhugsunar. Hún fjallaði um lestur barna og vísindagreinar varðandi lestrarhæfileika, hún vitnaði einkum til Marianne

Wolf, bandarískrar vísindakonu, sem hefur rannsakað heilastarfsemi í tengslum við lestur. Guðríður lagði áherslu á að börn læsu bækur og að það væri lesið fyrir þau.

Arnór Guðmundsson, forstjóri, kynnti starfsemi Menntamálastofnunar, sem varð til við sameiningu Námsgagnastofnunar og Námsmatsstofnunar. Stofnunin fær einnig ýmis verkefni frá menntamálaráðuneytinu. Menntamálastofnun er nú 2ja ára og með um 60 starfsmenn.

Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir var með erindi um lestrarverkefnið, en hún er starfmaður í því. Hún greindi m.a. frá lesskilningsprófum sem lögð eru fyrir börn þrisvar á ári til að fylgjast með því hvernig þau tileinka sér læsi. Þetta er gert til að kennarar geti aðlagð kennsluna með viðeigandi hætti á hverjum tíma. Fram kom á fundinum að kennarar hafa verið mjög ánægðir með þessi próf í skólum tveggja félagskvenna, sem sóttu fundinn.

Fundurinn var í alla staði mjög ánægjulegur og voru umræður góðar um mikilvæg mál.

Þriðji fundur Alfadeildar er fyrirhugaður þann 5. desember og er það jafnframt jólafundur deildarinnar. Þá verður að venju snædd saman jólamáltíð, sungið, dregið í happdrætti ásamt því að leynigestur heimsækir okkur og les úr nýútkominni bók.

**Alfadeildin, fyrsta deild DKG  
samtakanna á Íslandi,  
var stofnuð 7. nóvember 1975  
í Reykjavík**

## Beta



Í ár fagnar Betadeild 40 ára afmæli sínu, en hún var stofnuð þann 2. júní 1977. Stofnfélagar voru 20 konur. Fyrsti formaður deildarinnar var Edda Eiríksdóttir og með henni í stjórn voru þær Ingibjörg Auðunsdóttir, Hanna Salómonsdóttir, Margrét Eggertsdóttir og Jóhanna S. Þorsteinsdóttir.

Þann 9. september síðastliðinn var haldin afmælishátíð í Skjaldarvík. Félagskonum var boðið til dögurðar. Formaður Betadeildar hélt hátíðarræðu, viðstaddir stofnfélagar voru heiðraðir og Silja Garðarsdóttir söng og jók með því á gleði og hátíðleik stundarinnar

Þann 5. október, á alþjóðadegi kennara, héldu Beta- og Mýdeildir samræðuþing þar sem rætt var um líðan og starfsánægju kennara. Samræðuþingið var haldið að Borgum við HA, boðið var upp á veitingar og Sigrún V. Heimisdóttir, sálfræðingur flutti erindi í upphafi þings. Eftir innlegg Sigrúnar fóru fram umræður í hópum þar sem ákveðnar spurningar voru ræddar. Niðurstöður úr þeim umræðum voru sendar til Fræðslusviðs Akureyrarbæjar, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands.

Annar fundur haustsins var haldinn að Hrafnagili í Eyjafjarðarsveit í október. Þar bar hæst heiðursviðurkenning á afmælisári. Að þessu sinni

veitti Betadeild dr. Sigrúnu Sveinbjörnsdóttur, sálfræðingi, heiðursviðurkenningu fyrir sín merku fræðastörf. Halldóra Haraldsdóttir ávarpaði Sigrúnu fyrir hönd Betakvenna og fór yfir náms- og starfsferil Sigrúnar og þátt hennar í margvíslegu frumkvöðlastarfi sem snýr að velferð barna og ungmenna. Þá færði Aníta formaður Betadeildar Sigrúnu heiðursskjal, rós, bókina um Elísabetu Geirmundsdóttur og listaverk eftir Karl Guðmundsson. Að lokum risu Betakonur úr sætum og hylltu Sigrúnu með lófataki.

Að heiðrun lokinni var samsöngur sem María Gunnarsdóttir leiddi, sunginn var Sálmurinn um fuglinn eftir Olgu Guðrúnu Árnadóttur. Þá var boðið til kaffihlaðborðs sem var veglegt að vanda og nutu konur samverunnar við notalegar samræður yfir kræsingum.

Í byrjun nóvember var deildarfundur haldinn í húsnæði SÍMEY – Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar. Ingibjörg Auðunsdóttir sagði frá göngu sinni um Jakobsveginn, sýndi okkur myndir og einnig fengum við að gægjast ofan í bakpokann sem hún bar með sér á ferðalaginu. Einnig fengum við mjög fróðlega og skemmtilega ferðasögu frá Eycló, Halldóru og Maríu sem sóttu Evrópuráðstefnuna til Tallinn nú í sumar.

Í lok nóvember verður sameiginlegur jólafundur Beta- og Mýdeilda. Hann verður án efa hátíðlegur og góður að vanda auk þess sem við eigum von á góðum gesti. En Jónína landssambandsforseti ætlar að heimsækja okkur ef veðurguðirnir lofa.

Eins og sjá má hefur dagskráin okkar í haust verið viðburðarík, konur í Betadeild eru sannarlega virkar, njóta samverunnar og halda ótrauðar áfram sínu góða starfi.

**Betadeild var stofnuð  
þann 2. júní 1977.  
Í henni eru konur frá  
Akureyri og nágrenni**





## Gamma



Vetrarstarf Gammadeildar hófst í byrjun september með heimsókn í Veröld, hús Vigdísar Finnbogadóttur. Þar var ákaflega vel tekið á móti okkur bæði með frásögn af húsinu og starfseminni og að því loknu gengið um húsið. Þá héldum við fund í veitingahúsinu Nauthól en þar lagði stjórnin fram dagskrá vetrarins og var hún samþykkt. Yfirskriftin þetta árið er :

**KENRARINN, menntun, menning, fagvitund.**

Við ákváðum að nú væri lag að flytja okkur svolítið inn í skólana, fá kynningar á nýjum stefnum í menntun kennara og við vorum búnar að fylla alla fundi vetrarins með bestu fyrirlesturum sem völ er á hvað þetta efni varðar. Við erum mjög stoltar af því að nær allir fyrirlesarar vetrarins eru félagskonur í Delta Kappa Gamma.

Fundir verða níu talsins og að auki er gert ráð fyrir að fjölmennt verði á vorþingið á Egilsstöðum og vonandi fari líka einhverjar konur til Austin á alþjóðþingið.

Á októberfundinum var svo lagður grunnur að þema vetrarins en Jóhanna Einarsdóttir, forseti Menntavísindasviðs HÍ og okkar kona í Gammadeild sagði frá ýmsum breytingum

sem hafa orðið og verða á menntun kennara. Þetta var líka sérstakur hátíðarfundur því við tókum fimm konur inn í deildina og tókum þeim svo sannarlega fagnandi. Þær eru allar góðir fulltrúar og munu án efa styrkja félagið okkar bæði faglega og félagslega. Gammadeildin er stærsta deildin á Íslandi og mæting til mikillar fyrirmyndar. En eins og ein góð kona sagði eitt sinn við mig:

“Til hvers er ég í félagi ef ég mæti ekki” og ég held að það eigi vel við í Gammadeildinni. Tveir fundir eru síðan eftir til jóla. Sá fyrri ber yfirskriftina: Starfstengd leiðsögn í skólum og þar verður Edda Pétursdóttir, í Gammadeild með fyrirlestur sem tengist námi hennar. Jólafundurinn verður með hefðbundnum hætti í heimahúsi en allir fundir haustsins nema sá fyrsti hafa verið haldnir í betri stofum félagskvenna. Við fáum yfirleitt sérstakan jólagest og undirbúum jafnframt janúarafundinn en hann ber yfirskriftina “jólábókaflóðið” og verður dregið um tvær bækur sem fjallað verður um á fyrsta fundi nýs árs. Þá er gaman að geta þess að á jólafundinum verður auk þess afhentur styrkur vegna góðs málefnis en á afmælisfundinum í vor safnaðist dágóð upphæð í happdrætti sem haldið var. Við segjum nánar frá þessu síðar.

Að lokum sendi ég góðar kveðjur frá Gammasystrum og vona að jólahátíðin færi okkur öllum birtu og gleði.

Fyrir hönd stjórnar Gammadeildar.  
Ingibjörg Einarsdóttir, formaður

**Gammadeild var stofnuð  
þann 5. júní 1977.  
Í henni eru konur frá  
Reykjavík og nágrenni**

## Delta



Delta deildin hefur ákveðið að vinna eftir einkunnarorðum stjórnar: „Beinum sjónum inn á við og látum starfið blómstra“. Okkur finnst það henta vel í Delta deildinni á hennar 30. starfsári.

Fyrsti fundur á nýju starfsári var haldinn 18. september, í Tónlistarskóla Borgarfjarðar. Fyrir utan hefðbundin fundarstörf fór mikill hluti fundarins í að skipuleggja afmælisfundinn okkar. Góð mæting var á fundinn og var konum skipt upp í hópa til að vinna að og koma með hugmyndir fyrir afmælisfundinn. Mikil vinna verður lögð í að skrá 30 ára sögu Delta og mun Sigrún Jóhannesdóttir leiða þann hóp ásamt nokkrum vel völdum konum. Delta deildin stefnir á að fjölga sér á þessu starfsári. Deildin hefur verið að vinna með reglur um boðun nýrra félaga og var farið eftir þeim reglum á þessum fyrsta fundi. Fjórum konum hefur verið boðið að koma og kynna sér samtökin og hafa þær allar þegið það. Svo það er bjart framundan.

Í fyrra byrjuðum við með nýjan þátt sem hét „Lagið mitt“ þar sem deildarkona velur lag til að láta okkur syngja. Í ár bætist við í dagskránnu „Þetta er ég“ þar sem deildarkona segir nokkur orð um sjálfa sig. Annar fundur Delta er afmælisfundurinn 18. nóvember, haldinn í gamla Stúkuhúsinu á Safnasvæðinu á Akranesi. Þar verður saga deildarinnar flutt í máli og myndum, sagðar sögur úr kennslu, konur heiðraðar, sungið, dansað og örugglega skálað fyrir 30 árunum. Fundurinn endar með hátíðarkvöldverði og skemmtidagskrá í Garðakaffi.

Eftir áramót, 9. janúar, er fyrirhugað að bjóða Zontakönnum á Vesturlandi út á Akranes og endurgjalda boð þeirra frá síðasta starfsári. Þá ætlum við að vera búnar að lesa ákveðna bók og ræðum síðan um hana á fundinum. Einnig verður boðið upp á fyrirlestur og hreyfiæfingar fyrir konur á „besta aldri“.

Í mars verður stefnan tekin í höfuðborgina. Þar höfum við hug á að heimsækja og fara í skoðunarferð um Veröld-hús Vigdísar.

Aðalfundur Delta verður í apríl/maí. Þá verða stjórnarskipti, vonandi inntaka nýrra félaga, unnið í hópum með markmið DKG, framtíðarplön o.fl. Stefnan er tekin á sumarbústaðarferð og gista eina nótt.

5. maí fjölmennum við vonandi á Vorþing landssambandsins á Egilsstöðum.

Skemmtilegur vetur framundan hjá Delta.

Guðlaug Sverrisdóttir formaður



**Deltadeild var stofnuð  
þann 5. júní 1987.  
Í henni eru konur á  
Vesturlandi  
og suður til Reykjavíkur**



## Kappa



Stjórn Kappa-deildar hittist á fyrsta fundi 12. september sl. Formaðurinn, Guðrún Edda Bentsdóttir, lagði fram drög að starfsáætlun fyrir starfsárið en deildin hefur haft þann háttinn á að stjórnin sér um fyrsta og síðasta fund starfsársins en skiptir undirbúningi annarra funda á milli Kappa-systra. Er þetta þriðja árið sem þetta fyrirkomulag er við haft og hefur gefið góða raun. Það léttir álagi og vinnu af stjórnarmeðlimum og styrkir tengsl og samskipti innan hópsins að takast á við að undirbúa og skipuleggja fundina í minni hópum. Stjórnin lagði til að haldnir yrðu þrjár fundir fyrir jól og fjórir eftir áramótin. Þema vetrarstarfsins er *Konur í fararbroddi* sem gefur ýmsa möguleika á útfærslum og er í samræmi við markmið samtakanna um að félagar fylgist með því sem er á döfinni í menntamálum hverju sinni. Kappa-deildin var sérlega stolt af því að nýjasti félaginn, Gunnhildur Óskarsdóttir, sótti um að gerast alþjóðlegur fyrirlesari DKG og fræða konur vítt og breytt um samtakamátt kvenna í gegnum samtökin Göngum saman.

Fyrsti fundur starfsársins var haldinn fimmtudaginn 28. sept. sl. Kappa-systur hófu fundinn í fyrirtækinu Tröppu en það var stofnað af Þorbjörgu H. Vigfúsdóttur, uppeldisfræðingi og fyrrv. borgarfulltrúa í Reykjavík. Fyrirtækið nýtir upplýsinga- og samskiptatæknina til að bjóða skólum, bæði á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi, þjónustu sem oft er erfitt að bjóða upp á í minni sveitarfélögum, s.s. þjónustu talmeinafræðinga og sálfræðinga. Stofnað hefur verið annað fyrirtæki til að halda utan um þróun hugbúnaðarins sem notaður er í þessu skyni. Þorbjörg var sjálf erlendis þennan dag til að kynna fyrirtæki sitt og kanna möguleika á útrás en fékk

aðra starfsmenn fyrirtækisins til að sjá um kynninguna fyrir okkur. Síðan snæddu Kappa-systur saman á Geysi Bistró í Aðalstrætunni og tóku þá upp hefðbundin fundarstörf. Orð til umhugsunar flutti Sigríður H. Jónsdóttir og talaði um hugrekki og veitti Kappa-systur mikinn innblástur.

Næstu fundur fór fram mánudaginn 30. október sl. og hófst í *Veröld – húsi Vigdísar* en þar fengu Kappa-systur kynningu á starfsemi í húsinu undir styrkri leiðsögn Ólafar Ingólfsdóttir ásamt leiðsögn um húsið. Vigdís var að sjálfsögðu í fararbroddi og voru konur snortnar af frásögnum og myndum af ferli hennar og hve vel hefur til tekist með byggingu þessa húss utan um erlend tungumál en Vigdís hefur á sínum ferli ætíð minnt á mikilvægi þess að kunna tungumál, bæði móðurmálið og erlend tungumál. Kappa-systur snæddu síðan saman dýrindis kvöldverð á veitingastaðnum Satt á Hótel Natura og þar deildi Sólborg Alda með okkur mjög persónulegum hugleiðingum um áfangana í sínu lífi.

Kappa-deildin heldur þeirri hefð að halda jólafund í lok nóvember eða byrjun desember. Þá snæða konur saman kvöldverð og fá gjarnan gest í heimsókn sem er að kynna afrakstur af starfi sínu þau jóln, gefa út bók eða plötu eða annað í þeim dúr. Jólafundurinn er alltaf haldinn í heimahúsi og kemur Kappa-systur í jóla-skapið.

Fyrsti fundur á nýju ári er venjulega bókafundur en þá kynna nokkrar Kappa-systur ýmist nýutkomnar bækur eða annað lesefni sem hefur fangað þær yfir jóln. Þessi fundir eru líka haldnir í heimahúsi og eru alltaf mjög vel sóttir. Konur ræða síðan um þær bækur sem kynntar eru eða annað sem hefur vakið athygli af lesefni jólavertíðarinnar. Þessi hefð er góður liður í að fagna nýju ári og efla andann.

**Kappadeild var stofnuð  
28. mars 2007.  
Í henni eru konur af  
höfuðborgarsvæðinu,  
flestar úr Hafnarfirði, Kópavogi og  
Garðabæ.**

## Epsilon



Fyrsti fundur Epsilondeildar var haldinn á Selfossi í lok september.

Fundurinn var með hefðbundnu sniði með einni undantekningu þó – inntöku nýrra félaga. Áður en sá sá liður hófst var Gunnvör Kolbeinsdóttir með Orð til umhugsunar þar sem hún vitnaði í bókina: Listinn að stjórna eigin lífi – virkjaðu þinn eigin kraft. Spekin sem Gunnvör las úr bókinni, sem byggist á tilfinningagreind, fjallaði um viðhorf okkar og hvernig við getum öðlast meiri sálarró og bætt sambönd okkar við annað fólk – gott að líta í eigin barm.

Fjórar systur gengu til liðs við okkur: Aðalbjörg Bragadóttir íslenskufræðingur, kennari við ML, Guðlaug Ásgerður Eiríksdóttir leikskólakennari, sérkennslustjóri við leikskólann Brimver á Eyrarbakka, Guðríður Egilsdóttir matreiðslumeistari og framhaldsskólakennari, fagstjóri matvælagreina við FSu og Margrét Guðmundsdóttir leikskólakennari við Jötunheima á Selfossi.

Helga G. Halldórsdóttir í Gamma-deild og landsstjórn kom á fundinn í tilefni af inntökunni. Það var engin tilviljun að hún var fulltrúi landsstjórnar, því hún var einn af stofnendum Epsilon-deildar og fyrsti formaður hennar. Henni til aðstoðar úr stjórninni voru: Ingibjörg Þorgerður, Sigfríður og Kristín. Athöfnin var hátíðleg og falleg - og það er mikill mannauður í þessum glæsilegum konum sem gengu til liðs við Epsilon-deild á fyrsta fundi vetrar.

Annar fundur Epsilondeildar var haldinn í Þorlákshöfn í lok október. Aðalefni fundarins að þessu sinni var kynning systur okkar Kristínar Sigfúsdóttur á meistararitgerð sinni, sem hún lauk nýverið. Rannsóknarverkefni hennar fjallaði um reynslu barna sem dvelja fjarri fjölskyldu sinni af móttöku, námsframvindu, viðmóti og samskiptum í grunnskóla. Titill verkefnisins er: „**Skóli er greinilega ekki fyrir mig, ég er ekki gerður fyrir skóla**“. Meginmarkmið rannsóknarinnar er að túlka sjónarmið barna sem dvalið hafa fjarri fjölskyldum sínum og draga fram þá þætti í skólastarfinu sem þau telja að skipti mestu máli fyrir velferð þeirra í grunnskóla. Skoðað var m.a hvernig tekið var á móti þeim í skólanum, námsframvinda, viðmót starfsfólks og skólafélaga, samskipti við starfsmenn svo eitthvað sé nefnt. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að það skiptir þessi börn miklu máli að fá að koma inn í grunnskóla á sömu forsendum og aðrir. Þau fá að stunda nám með öðrum börnum og að þau séu ekki eyrnamerkt með einhverjum hætti. Stærð skóla skiptir þau einnig máli og hefur reynsla þeirra sýnt að mun auðveldara sé fyrir þau eiga góð að samskipti við starfsfólk og nemendur í fámennari skólum. Þetta var afar fróðlegt og vel flutt hjá Kristínu og hjá okkur sem hlustuðum vöknuðu margar spurningar. Síðasti fundur annarinnar verður í byrjun desember og gestur okkar verður séra Halldóra Þorvarðardóttir prófastur.

**Epsilondeild var  
stofnuð 1989  
og starfar hún á  
Suðurlandi.**



## Mý



Vetrarstarfið hófst með haustfundi, en sú hefð hefur skapast að hafa meira umleikis á þeim fundum og gera meira úr mat og drykk. Haustfundurinn var haldinn að Völlum í Svarfaðardal. Þar gæddu félagskonur sér á veitingum á meðan Bjarni Óskarsson staðarhaldari á Völlum kynnti starfseminna þar en á staðnum fer fram margs konar starfsemi s.s. grænmetis-, berja- og ávaxtaræktun og ostagerð. Á staðnum er lítil sælkerabúð þar sem m.a. eru seldar framleiðsluvörur staðarins. Einnig er tekið á mótum litlum hópum í mat og nutu félagskonur þess og fengu dásamlega fiskisúpu og berjarétt. Á fundinum var rætt um hver gætu verið viðfangsefni á fundum vetrarins og komu fram eftirfarandi tillögur:

- Erum við að sjúkdómavæða samfélagið?
- Stofnanauppeldi.
- Hverju er kvíðinn að kenna? (kvíði barna og unglinga)
- Hugarfar vaxtar.
- Útivist – hreyfing.
- Umhverfisvernd.

Á fundinum flutti Ólöf Inga Andrésdóttir orð til umhugsunar og las upp úr tveimur blaðapistlum. Sá fyrri var eftir Hildi Björnsdóttur og birtist í Fréttablaðinu. Þar var lagt út af athugasemdakerfi

netmiðlanna þar sem óhugaðar athugasemdir væru sagðar undir bláma skjásins.

Í lok fundarins drógu konur sér spil og þannig raðaðist í undirbúningshópa vetrarins. Einnig var lögð áhersla á fundinum um að fjölga félagskonum en nokkuð hefur fækkað í deildinni. Í vetur er áætlað að verði 7 fundir, þar af einn bókafundur þar sem félagskonur segja frá athyglisverðum bókum og fara í bókaleik.

Mýdeild stóð fyrir samræðuþingi ásamt Betadeild hér á Akureyri í tilefni af alþjóðadegi kennara 5. október annað árið í röð. Góð mæting var á þingið (um 70 manns) og var almenn ánægja með framkvæmdina.

Þann 25. október stóð fyrsti fundarhópur vetrarins fyrir fundi sem að þessu sinni var haldinn í Kjarna, húsi NFL við Kjarnaskóg. Á þeim fundi flutti ein af félagskonum Anna Guðmundsdóttir, fyrirlestur sem hún kallaði *Nám um hamingju og velferð: Jákvæð sálfræði og gróskuhugarfar*. Í fyrirlestrinum kynnti hún kenningu Carol Dweck um að til sé tvenns konar hugarfar; gróskuhugarfar og festuhugarfar. Sá sem hefur gróskuhugarfar trúir því að hann geti þróað hæfileika sína meðan sá sem hefur festuhugarfar álitur að hæfileikar séu meðfæddir og lítið sé hægt að þroska þá eða breyta. Einnig var flutt orð til umhugsunar þar sem Elísabet Zitterblatt velti fyrir sér hugtakinu þrautseigju, hver bein merking þess sé og hvað það feli í sér að sýna þrautseigju. Bæði þessi erindi á fundinum rímuðu við þau fundarþemu sem fundarkonur höfðu ákveðið á haustfundi deildarinnar. Undirbúningshópurinn töfraði fram súpu og heimabakað brauð ásamt góðum eftirrætti. Ágætlega hefur verið mætt á þessa tvo fyrstu fundi vetrarins, framundan er síðan sameiginlegur jólafundur með Betadeild sem haldin er 30. nóvember nk.

Brýndís Björnsdóttir, formaður Mýdeildar.

**Mýdeild var stofnuð 2011 og starfar á Norðausturlandi.**

## Ný



Fyrsta haustið hjá NÝ deild hefur farið vel af stað. Við erum búnar að vera með þrjá fundi þar sem við höfum fengið að kynnst hvor annari og hafa systur sem taka á móti hópnum sagt frá starfi sínu og samfélagi. Við ákváðum á fyrsta fundi deildarinnar í maí s.l. að vera með súpu á fundunum vegna þeirra vegalengda sem konur þurfa að fara.

Fyrsti fundurinn var haldin á Hvammstanga í Ráðhúsinu þar sem þrír meðlimir búa og starfa, annar fundur var í háskólanum á Hólum þar sem tvær konur tóku á móti hópnum og þriðji fundurinn var haldinn á Sauðárkróki í Árskóla og voru tvær systur sem tóku á móti okkur þar. Á hverjum stað kynntu gestgjafar sjálfa sig og við hvað þær starfa. Fundirnir eru frá kl. 19.00 – 21.00 og er reynt eftir fremsta megni að halda tímanum þar sem stundum tekur einn og hálfan klukkutíma að keyra.

Ákveðið var að halda þrjá fundi fyrir áramót í september, október og nóvember. Eftir áramót verða aðrir þrír fundir í mars, apríl og maí. Fyrstu tvö starfsár NÝ deildar verða haldnir á mismunandi stöðum þannig að eftir þann tíma erum við búnar að kynnst vel og sjá hvar og við hvað við störfum.

Hér er skipulagið um hvar fundirnir verða í vetur:

- 7. september á Hvammstanga
- 2. október á Hólum
- 7. nóvember á Sauðárkróki
- 7. mars á Blönduósi
- 5. apríl í Varmahlíð
- 7. maí er óvissufundur

Við ákváðum að rótera á milli daga þar sem konur eru í fleiri en einum félagsskap og gætu þá allavega mætt á flesta fundi. Núna erum við komnar í smá vetrarfrí og hlökkum við til að hittast að nýju í mars. Með bestu kveðjum frá Norðurlandi vestra. Jenný Þórkatla Magnúsdóttir formaður.



**Nýdeild var stofnuð  
á Blönduósi  
2. apríl 2017**



## Zeta



Í Zetadeild eru fjórtán konur sem búsettar eru á Fljótshéraði og í Fjarðabyggð. Tveir fundir hafa verið haldnir þegar þetta er skrifað.

Fyrsti fundurinn fór fram í bókasafninu á Reyðarfirði sem staðsett er í grunnskólanum þar. Búið var að boða til hugstormunarfundar þar sem m.a. framkvæmdaáætlun landssambandsstjórnar var lögð til grundvallar umræðunni. Skiptum við okkur upp í hópa og skráðum niður það helsta sem við vildum að einkenndi vetrarstarfið og voru einkunnarorðin „beinum sjónum inn á við og látum starfið blómstra“ leiðarljósið okkar. Margar skemmtilegar hugmyndir komu fram sem dæmi; að vera áberandi og senda kynningarefni til valinna vinnustaða til fróðleiks. Fjölga konum með því að halda sérstakan kynningarfund og bjóða konum á hann, einbeita okkur að listum í leik og starfi meðal austfirskra kvenna og sinna sjálfsrækt svo eitthvað sé nefnt. Kynningarfundur var svo haldinn í kjölfarið á Seyðisfirði en þaðan er engin kona í samtökunum. Stefnum við á að halda fundi þar sem skortir konur. Fjöldmenni var á kynningarfundinum og mjög skemmtilegt að sjá hvað margar efnilegar konur við eigum á svæðinu.

Annars mun starfið í vetur líka einkennast af undirbúningi Vorþingsins okkar sem verður haldið 5.5 2018. Búið er að taka frá herbergi á Gistihúsinu á Egilsstöðum <https://www.heyceland.is/is/gisting/detail/743/gistihusid-lake-hotel-egilsstadir> þann dag en sjálft þingið verður haldið í Egilsstaðaskóla. Við erum mjög spenntar að taka á móti ykkur þennan dag og vonum að það verði góð mæting.

Það er hugur í Zetakonum og við höfum alltaf markmið samtakanna að leiðarljósi, skiptumst á að kveikja á kertunum og erum þannig virkar í verki 😊.

Fyrir hönd Zetadeildar óskum við öðrum félagskonum DKG góðrar og friðsællar aðventu!

Helga Magnea Steinsson

**Zetadeild var stofnuð  
1. júní 1990 og  
starfar á Austurlandi.  
Eru félagskonur frá  
Fljótshéraði og neðan af  
fjörðum.**



## Iota



Haustið hefur farið vel af stað hjá okkur í Iota deild. Fyrsti fundur okkar var haldinn 2. október. Við fengum erindi á fundinn um geðheilbrigði en þemað veturinn 2017 – 2018 er einmitt að horfa inn á við og fá fræðslu og fróðleik tengt því.

Næsti fundur var 7. nóvember sl. Þá fengum við gest á fundinn sem hafði nýllega lokið 2 vikna göngu um Jakobsveginn sem hún fór ein og sagði hún okkur frá þeirri upplifun og reynslu.

Á fundinum var inntaka nýs félaga sem heitir Kristín Björk Jóhannsdóttir (sjá meðfylgjandi mynd). Það stóð til að taka inn aðra en hún komst ekki sökum veikinda og verður næst inntaka nýrra félaga á nýju ári, væntanlega í febrúar.

Næsti fundur okkar verður 6. desember n.k. þá ætlum við að fá kynningu á Vinnuveri sem er fyrir fólk sem er ekki úti á vinnumarkaðinum af ólíkum ástæðum, en hefur þar samastað og stuðning til alls kyns verkefna og aðstoðar.

**Iotadeild var stofnuð  
5. júní 2004  
og starfar hún á  
norðanverðum Vestfjörðum.**







## Eta

.Í ár eru 20 ár frá stofnun Etadeildar, 6. júní 1997. Af því tilefni héldum við afmælisfund fyrir austan fjall, í Bakkastofu á Eyrarbakka þar sem húsráðendur, Ásta Krístrún og Valgeir tóku á móti okkur og léðu okkur stofur sínar til fundarhalds. Þau fræddu okkur um uppbyggingu staðarins og tíðaranda fyrri alda, sögu hússins og íbúa þess með ívafi ljúfra tóna úr lagasmiðju húsbóndans. Ásta las kafla úr bók sinni: *Það sem dvelur í þögninni*. Þar segir hún frá lífshlaupi formæðra sinna allt aftur til ársins 1806, ástum og örlögum. Því næst var haldið í Eyrarbyggjakirkju, fræðst um sögu kirkjunnar og altarástöflu Lovísu Danadrottningar (Kristjáns IX) í bland við hugljúfan tónlistarflutning Valgeirs. Fundi lauk svo í Rauða húsinu þar sem sest var að borðum, notið dýrindis krása eðalkokka og góðrar samveru.

Nóvemberfundur hófst í hugbúnaðarfyrtækinu CCP þar sem okkur var kynnt starfsemi og þróun fyrirtækisins, sem stofnað var 1997. Það er í dag eitt af framsæknustu fyrirtækjum í leikjaiðnaði og hefur unnið til margra verðlauna. Tölvuleikjaheimurinn er nokkuð fjarri okkur sem á hlýddum og ekki laust við að gætti fordóma en um leið er hann forvitnilegur. Talsvert sló á fordómanna þegar á leið og ekki síst þegar vitnað var í rannsóknir og lærdar greinar sem benda til þess að spilun sé ekki alfarið slæm heldur geti einnig verið til góðs og haft jákvæð áhrif á ýmsa þroskaþætti og vitsmunafærni sem máli skipta í námi s.s. skynjun, athygli, samhæfingu og jafnvel dregið marktækt úr lesblindu. Kom fram að ýmislegt úr leikjunum nýttist í þjálfun ýmissa hópa s.s. flugmanna og skurðlækna og einnig til að sporna við dvínandi vitsmunafærni og elligjöpum. Spunnust fjörugar umræður og spurningar dundu á fyrirlesara sem svaraði öllum greiðlega og leysti hópinn út með veftenglum með frekari fróðleik. Fundi var síðan fram haldið í notalegri hliðarstofu á Slippbarnum þar sem líflegar umræður héldu áfram uns formlegum fundi lauk.

Jólafundur er á dagskrá 5. desember n.k. og á vormánuðum er gert ráð fyrir fjórum fundum í Etadeild.

Með kveðju,  
Bryndís Guðmundsdóttir  
formaður Etadeildar



**Etadeild var stofnuð  
í Reykjavík  
6. júní 1997**

## Peta

Á októberfundinum sagði Guðbjörg Sveinsdóttir deildarkona og fyrrverandi landsforseti frá þátttöku sinni á Landsþingi DKG í vor og Evrópuþingi í Tallinn í sumar. Síðan fengum við mjög áhugaverða kynningu á Erasmus verkefni í leikskólanum Holti sem heitir frá lýðræði til læsis. Það eru spennandi fundir framundan í vetur, fastir liðir eins og jólafundur og bókafundur verða á sínum stað en einnig fáum við systur okkar frá Epsilon deild í heimsókn í vor og ríkir mikil eftirvænting fyrir því.



Starfið í Þetadeild hófst mánudaginn 25. september 2017 og kynnti deildarstjórn fundardagskrá vetrarins. Áætlaðir eru sjö fundir í vetur og skipað var í nefndir til að virkja fleiri félagskonur í skipulagningu þeirra. Við höldum áfram með þema fyrra árs og leitumst við að styrkja tengslanetið innbyrðis og út á við. Vinsæll liður síðasta vetrar var liðurinn „Félagskona kynnir sig“ og munum við halda áfram með þann þátt. Félagskonan segir frá uppruna sínum, æsku, menntun, fjölskyldu og starfi og tekur hver kynning um 15 mínútur. Á þennan hátt fáum við að kynnast hvor annarri betur og styrkja tengslin. Á fyrsta fundi vetrarins voru teknar inn tvær nýjar konur í deildina þær Hólmfríður Árnadóttir og Jurgita Milleriene. Þær eru báðar með fjölbreyttan og áhugaverðan bakgrunn og fögnum við inngöngu þeirra í Þetadeild.



**Þetadeild var stofnuð  
26. nóvember 1998  
og starfar á Suðurnesjum**



## „Lífið hefur verið ánægjulegt“

Áslaug Brynjólfsdóttir fékk viðurkenningu á landssambandsþingi DKG á Akureyri 7.- 8. maí s.l. Áslaug hafði ekki tók á að taka á móti verðlaununum sjálf, heldur gerði formaður Alfateildar það og færði henni þau nokkrum dögum síðar. Um var að ræða innrammað, skrautritað skjal, silfurhálsmen og rósir. Við þetta tilefni áttum við langt samtál. Áslaug er einstök kona, lifandi og skemmtileg með mikla frásagnargáfu og líf hennar hefur verið litríkt. Þetta samtál varð því hvatinn að því að við hittumst á fallettu síðdegis 23. maí. Mig langaði að heyra meira um æviferil hennar og líf því hún er af þeirri kynslóð, að ekki var sjálfsagt að konur menntuðu sig og hlytu frama á starfsævi sinni.

Áslaug fæddist á Akureyri 1932 og flutti í Krossanes þriggja ára gömul. Þar var bæði sveitabær og síldarverksmiðja. Fölskylda Áslaugar rak bóndabýlið og þar vann Áslaug öll sumur fram að 5. bekk. Hún gekk í grunnskóla í Glerárþorpi og Gagnfræðaskóla á Akureyri. Áslaug gekk alla tíð í skólann. Leiðin var heldur styttri í Glerárþorpið, en klukkutíma hvora leið í gagnfræðaskóla og menntaskóla. Á þeim tíma þótti sjálfsagt að strákarnir færu í menntaskóla, en nóg að stúlkurnar færu í gagnfræðaskóla og margar hættu eftir fullnaðarprófið, sem var lokapróf úr barnaskóla.

Áslaug var næst yngst sjö systkina. Áslaugu hafði gengið vel í barnaskóla og gagnfræðaskóla eins og systkinum hennar. Hana langaði að halda áfram námi í menntaskóla og lét sig ekki, þótt sumum fyndist það óþarfi. Á þessum tíma þurfti að taka próf inn í menntaskólann, hún þurfti því að læra meiri efnafræði og algebru, en í gagnfræðaskólanum hafði hún m.a. lært vélritun og heimilisfræði. Bræður hennar áttu að hjálpa henni með efnafræðina, en þeir unnu í verksmiðjunni og varð lítið úr aðstoðinni. Hún lærði bara sjálf og fékk ágæta einkunn. Hún hóf því nám í 4. bekk MA. Eftir jól



*Áslaug á heimili sínu í maí 2017 þegar viðurkenning landssambands DKG var afhent.*

var ritgerðarsamkeppni, sem KEA stóð fyrir og fékk Áslaug verðlaunin, sem voru 500. kr. og ljóðasafn Jónasar Hallgrímssonar fallega áritað. Þessi upphæð dugði fyrir heimavistinni það árið. Námið gekk vel og Áslaug var einnig bæði í kór og blaki. Hún lauk svo stúdentsprófi eftir dásamlega skemmtilega skólavist.

Eftir síðasta prófið í 5. bekk fór Áslaug með systur sinni á ball á Hótel Norðurlandi og þar voru sunnanpiltar úr MR. Þar hitti hún Guðmund Sigvaldason, sem seinna varð maður hennar. Þau dönsuðu saman og svo fylgdi hann henni út í Krossanes. Þau skrifuðust á þennan vetur og m.a. sendi Guðmundur henni þýskt ljóð. Þegar Áslaug kom upp í munnlegu þýskuprófi dró hún einmitt þetta ljóð og brilleraði auðvitað. Þetta var upphafið að hjónabandi, sem stóð í 20 ár og eignuðust þau hjón fjögur börn.

Árið eftir stúdentspróf fóru þau til náms í Þýskalandi og lærði Áslaug þýsku og tengsl germanskra mála. Þetta var skemmtilegt nám, segir Áslaug. En þegar Áslaug varð ófrísk að

fyrsta barni þeirra um vorið fór hún heim og fór ekki strax til baka til Göttingen heldur fékk hún starf sem einkaritari hjá forstjóra Tryggingarstofnunar. Þar var hún tvö ár og eftir það fór hún aftur til Göttingen, þá tveggja barna móðir. En eiginmaður hennar hafði verið áfram við nám í Þýskalandi, en kom heim í fríum. Það voru mikil viðbrigði að búa í Þýskalandi með tvö lítil börn. Allt þurfti að þvo í höndum, kolaofnar í herbergjum og ekkert bað. Böðun þurfti að sækja í baðhús borgarinnar.

Guðmundur sótti um amerískan styrk til náms í Bandaríkjunum, en menntamálaráðuneytið á Íslandi hafði milligöngu um að veita styrkinn. Mikill dráttur var á svari við styrkumsókninni. Á sama tíma var honum boðið starf í Þýskalandi, sem hann tók. En þegar þau komu heim frá Þýskalandi, beið þeirra maður á flugvellið, sem tilkynnti honum að hann hefði fengið styrkinn, sem var til tveggja ára. Þar með voru örlögin ráðin, þau ákváðu að fara til Bandaríkjanna. Illa gekk að fá vísa, vegna þess að Guðmundur hafði sótt einhverja málfundi hjá vinstri mönnum. En þau fóru til Washington DC og þar kynntist Guðmundur heimsfrægum vísindamanni, sem bjó í Kaliforníu og bauð honum að koma til starfa í Stanford háskóla í San Fransisco. Þau keyrðu yfir þver og endilöng Bandaríkin til að setjast að í Palo Alto útborg San Fransisco. Þarna er Áslaug ófrísk að þriðja barninu. Hún var í litlu húsi með börnin tvö og símasambandslaus. Hann fór í ferðalag til Yellowstone og þetta slapp því barnið fæddist tveimur dögum eftir að hann kom heim. Mikill munur var á að fæða barn á Íslandi og Bandaríkjunum, á Íslandi fékk hún að vera 8 daga á spítala, í Bandaríkjunum fór hún inn á Stanford spítala rétt fyrir miðnætti og kom heim með barnið að morgni næsta dags. Það var dásamlegt að búa í Kaliforníu, segir Áslaug. Þegar dvölinni lauk keyrðu þau aftur til Washington DC og gistu í tjaldi á leiðinni.

Að þessu tímabili loknu héldu þau hjón á ný til Íslands og fékk Guðmundur góða stöðu við atvinnudeild Háskóla Íslands, en Áslaug fór að kenna stærðfræði í verslunardeild Vogaskóla. Nemendur hennar voru órólegir og stundum ruddalegir. Til dæmis var ein stúlka alltaf að biðja um að fá að fara á klósettið, Áslaug sagði við hana: „En þú ert nýbúin“. „Hvað á ég þá að gera“, spurði stúlkan, „pissa á gólfíð“? Svo gerði hún það. Áslaug brást við með að biðja hana að koma til viðtals við sig heima og sagðist vilja aðstoða hana í náminu. Hvort hún vildi þiggja það? Hún þáði það og eftir það voru engin vandamál og krakkarnir urðu svo góð við hana að það er ógleymanlegt. Annar kennari sem alltaf kallaði til skólastjórann lenti í miklum vandræðum með sömu krakka. „Þetta sýnir hvað skiptir miklu máli að vera þolinmóður við krakkana“, segir Áslaug. Um jólin var dyrabjöllunni hringt og fyrir utan var bekkurinn hennar, sem færði henni silfurtertuhníf.

Öll skírteini voru handskrifuð á þessum tíma og um vorið bað skólastjórinn Áslaugu að skrifa á skírteinin. Hún skrifaði á 1.500 skírteini, nöfn nemenda, fögin og einkunnir. Svo skrifaði hann undir. Fyrir þetta fékk Áslaug aukagreiðslu, sem veitti ekki af, því þau áttu ekkert þegar þau komu heim frá Bandaríkjunum. Þetta sumar fæddi Áslaug fjórða barnið.

Þarna eru börnin orðin fjögur og heimilishaldið annasamt. Samhliða tók Áslaug þátt í kvennabaráttunni og starfaði í bóksölu stúdenta, sem var opin milli 17-19 virka daga. Hún kom góðu skikki á bóksöluna, meðal annars pantaði hún beint frá erlendum forlögum og fékk góðan afslátt og álagningin var í lágmarki, bækurnar voru því til sölu undir skráðu verði. Formaður stjórnar var svo ánægður með þetta að hann lagði til að henni yrðu greidd helmingi hærri laun, en hún hafði verið ráðin á.

Eiginmaður hennar fór einn mánuð að vinna hjá Sameinuðu þjóðunum í El Salvadore, þegar



sá tími var liðinn fékk Áslaug skeyti: „Vil vera hér í eitt ár, ef þú kemur með börnin fjögur. Svar strax. Guðmundur.“ Áslaug hefði kosið að ræða þetta við hann og reyndi að hringja, en þá var ekki símasamband við El Salvador. Eingöngu var hægt að senda símskeyti. Hún ræddi málið við börnin sín, sú elsta var 14 ára og það yngsta 5 ára. Þau sögðu bara „jú, jú“ og voru til í að fara. Bólusetja þurfti börnin fyrir ýmsu og leigja út húsnæðið og bílinn áður en haldið var úr landi. Þau voru eitt ár í El Salvador og kenndi Áslaug börnunum allt heima. Þau tóku bekkina sína eins og þau hefðu gert heima. Þetta var góður tími hjá fjölskyldunni, þótt þetta væri að sumu leyti erfitt fyrir börnin. Margt var skrítið þarna og fátæktin ofboðsleg. Áslaug gat ekki litið af börnunum eitt andartak meðan þau dvöldu í El Salvadore.

Áslaug hóf nám í Kennaraskólanum 38 ára gömul og fjögurra barna móðir. Áslaug stóð sig vel í náminu að vanda. Þetta var tveggja ára nám á þessum tíma. Þau hjónin skilja meðan Áslaug er í náminu, en hún lauk kennaranáminu og fékk ýmis tilboð um kennarastöður að því loknu. Hún vann sem læknaritari á Hjúkrunarheimilinu Grund til að framfleyta börnunum og þurfti að þiggja aðstoð frá mömmu sinni, eftirlaunabega fyrir norðan, vegna slæmrar fjárhagsstöðu.

Það var verið að opna tilraunaskóla í Fossvogum um þessar mundir, sem Áslaugu fannst spennandi og var hún ráðin til starfa við þar. Henni var boðið að kynna sér opinn skóla í Oxfordshire og starfaði þar um skeið. Árið eftir fékk hún stöðu yfirkennara og tók við starfi skólustjóra, þegar skólustjórinn fór í ársleyfi. Hún var einnig í fræðsluráði fyrir hönd framsóknarmanna.

Börnin voru góð og samstíga og hjálpuðust að. Áslaug fór aftur í nám og tók sérkennarapróf og fékk launalaust leyfi til þess. Síðar tók hún meistaraþráðu í uppeldis- og kennslufræðum frá KÍ 1998 og Meistaraprófsritgerð hennar

fjallaði um samstarf foreldra og skóla. Hún hefur alla tíð unnið að því að foreldrarnir sýndu námi barnanna áhuga og finnst það skipta miklu máli að þeir taki ábyrgð gagnvart börnum sínum. Hún átti sjálf því láni að fagna að faðir hennar, sem var kennari, sýndi námi hennar áhuga og hún fann vel hvað það var mikil hvatning í því þegar hann talaði við hana um námið.

Meðan Áslaug vann í Fossvogsskóla fór hún með vinkonu sinni á Sögu. Þar kynntist hún Jóhanni Gíslasyni, lögfræðingi í Útveggsbankanum. Hann var ekkjumaður. Hann bauð Áslaugu heim og pantaði mat heim handa þeim. Þau sátu huggulega í glerskála og töluðu saman. Nokkrum dögum seinna hringdi hann og bauð henni út að borða, hann var skemmtilegur, föðurbróðir Hemma Gunn, hló dátt og hafði gaman af að segja skemmtisögur. Þau þekktu mikið sama fólk og áttu gott með að tala saman. Þau giftust og voru gift í 20 ár. Jóhann lést 2004. Hann var mjög góður maður og samband þeirra farsælt. Hann gaf mikinn styrk og kraft, því hann hafði orð um allt sem vel gekk og örvaði með hrósi. Þau ferðuðust mikið saman ásamt vinahjónum sínum, bæði innanlands og utan.

Áslaug sótti um starf fræðslustjóra í Reykjavík ásamt tveimur öðrum. Á þessum tíma eru Sjálfstæðisflokkurinn með 4 fulltrúa í fræðsluráði, en Framsókn, Alþýðubandalag og Alþýðuflokkurinn voru með einn fulltrúa hver. Fræðsluráð veitti umsögn um umsækjendur. Sjálfstæðismenn stóðu ekki saman, þrír ætluðu að kjósa einn umsækjanda, einn ætlaði að kjósa annan og 3 fulltrúar annarra flokka ætluðu að kjósa Áslaugu. Þá ákváðu sjálfstæðismenn að kosið skyldi milli lista-bókstafanna D og B. Fulltrúi sjálfstæðismanna fékk því meirihluta atkvæða fræðsluráðs. En menntamálaráðherra hafði valdið til að setja eða skipa fræðslustjóra og hann setti Áslaugu.

Síðan átti að skipa Áslaugu ári seinna, en það vafðist fyrir nýjum ráðherra sjálfstæðismanna. Þá sendi Guðrún P. Helgadóttir, DKG systir Áslaugar, áskorun til ráðherra að skipa Áslaugu í embættið. Þetta gerði hún án vitundar Áslaugar. En hún vissi örugglega að kennarar við hina ýmsu skóla í Reykjavík höfðu skorað á ráðherra að skipa Áslaugu. Ráðherra fór að þessum tilmælum og skipaði Áslaugu fræðslustjóra Reykjavíkur.

Öll samskipti við sjálfstæðismenn voru góð eftir þetta.

Áslaug gekk í DKG 1978 og hefur verið félagi í Alfadeildinni síðan. Hún var formaður Alfadeildar 1986-88. Síðan var hún formaður landssambands DKG 2001-2003. Árið 2003 var haldin Evrópuráðstefna DKG á Íslandi og mættu 200 konur til landsins til að sitja ráðstefnuna. Áslaug bar ábyrgð á skipulagi, fjármögnun og innihaldi ráðstefnunnar sem forseti sambandsins. Hún flutti opnunarræðu og ræddi um kvenskörungna og benti meðal annars á að sambærilegt orð sé vandfundið í öðrum tungumálum. Hugsanlegt væri að þetta orð ætti sinn þátt í því hve jafnréttisbaráttan hefði gengið vel á Íslandi, þar sem fyrsti kvenforseti í heimi væri íslensk kona. Áslaug var einnig formaður menntamálanefndar DKG og opnaði vorþing landssambandsins árið 2000 og stóð að útgáfu rits DKG „Skólinn og fjölskyldan með barnið í brennidepli til 18 ára aldurs“.

Áslaug er mjög þakklát fyrir viðurkenninguna, sem hún fékk, á landssambandsþingi 2017 og stolt af henni. Ekki hvað síst er hún stolt af því að fá þessa viðurkenningu um leið og Sigrún Jóhannesdóttir, sem hún segir mikla öndvegiskonu og eldklára.

Áslaug fór á eftirlaun fyrir tæpum 15 árum síðan. Hún er enn virk í Alfadeild eftir því sem heilsan leyfir. Áslaug var mikil félagskona, hún sat í eftirtöldum stjórnnum: Bandalags kvenna í

Reykjavík, Kvenréttindafélagsins, kennarafélags og skólastjórafélags Reykjavíkur. Hún var í stjórn og formaður félags Framsóknarkvenna. Hún var um skeið í fræðsluráði og einnig í menntamálaráði og menningarsjóði í 18 ár.

Öll börn Áslaugar hafa komist vel til manns og eru vel menntuð. Barnabörnin eru orðin 15 og barnabarnabörnin eru orðin 12.

„Mér finnst lífið hafa verið ánægjulegt og gott, þótt ekki hafi allt farið eftir troðnum slóðum, þá hef ég ekki séð eftir neinu“, sagði Áslaug að lokum.



*Sveindís Valdimarsdóttir, Áslaug, Guðrún Þórunna Jónsdóttir, Pálína Jónsdóttir, Þorgerður Sigurðardóttir, Eygló Björnsdóttir og Elinborg Sigurðardóttir.*

*Evrópuþing í Baden Baden 2011*



## Alþjóðadagur kennara 5. október 2017



Undanfarin ár hafa stjórnir Delta Kappa Gamma á Íslandi hvatt deildir innan samtakanna að vera sýnilegar úti í samfélaginu. Þetta tóku Beta og Mý deildir til umræðu og á árunum 2015 – 2016 var farið í þankahríð um hvers konar verkefni gætu gert samtökin sýnileg á okkar svæði. Margar hugmyndir komu upp en ofan á varð hugmynd um að halda upp á Alþjóðadag kennara. Lítið hefur verið gert norðanlands á þeim degi en á suðvesturhorninu hefur Kennarasamband Íslands sett mikinn kraft í þennan dag undanfarin ár. Okkur fannst því halla á landsbyggðina og ákváðum að leggja okkar af mörkum til að rétta þann hlut.

Vorið 2016 hófst undirbúningur fyrir Alþjóðadag kennara það ár. Ákveðið var að halda upp á daginn með samræðuþingi fyrir kennara allra skólastiga og gefa þeim þannig tækifæri til að ræða saman. Ákveðið var að áherslan yrði á málefni kennaranna sjálfra. Talsvert er um málþing og ráðstefnur um það sem snýr að kennslunni en við söknum umræðu um kennara sem starfsstétt og það sem snýr beint að þeim annað en launin.

Stofnuð var nefnd beggja deilda þar sem í voru konur af öllum skólastigum. Bréf var sent til skólastjóra á Norðurlandi ásamt auglýsingu. Þeir

voru beðnir um að auglýsa þingið í sínum skólum og gefa kennurum svigrúm til að sækja það.

Haustið 2016 var því fyrsta samræðuþingið haldið á Akureyri á vegum DKG. Yfirskriftin það árið var „Nýi kennarinn í starfi“. Deildirnar renndu blint í sjóinn með þátttöku en hún fór fram úr björtustu vonum þar sem á milli 60 og 70 manns mættu.

Næsta þing var svo haldið í ár eða 5. október 2017 og var yfirskriftin þá „Líðan og starfsánægja kennara“. Það má segja það sama að húsnæðið sprakk líka að þessu sinni þegar milli 70 og 80 manns mættu. Núna var meiri áhersla á samræðuna en árið á undan. Sigrún Heimisdóttir sálfræðingur var með örstutt innlegg og síðan fór fram mikil og góð umræða í hópum þar sem skólastigin blönduðust. Niðurstöður voru svo teknar saman og sendar til þeirra skólastjóra sem fengu bréf upphaflega, Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Samband íslenska sveitarfélaga þakkaði fyrir sendinguna og hefur hug á að nýta niðurstöðurnar á Skólamálaþingi 6. nóvember 2017. Beta og Mýdeildir ætla að halda ótrauðar áfram í þessu verkefni og gera enn betur. Deildirnar vilja efla samstarf við Kennarasamband Íslands um þennan dag auk þess að afla styrkja til að geta gert daginn enn veglegri á Norðurlandi.

Bæði árin voru skrifaðar greinar í Skólavörðuna um þessa atburði og er hægt að finna þær á FB síðu Skólavörðunnar og á heimasíðu DKG á Íslandi.

*Þorgerður Sigurðardóttir  
Betadeild*

## Frá stjórn:

### Vorþing Delta Kappa Gamma Haldið 5. maí 2018 í Egilsstaðaskóla

#### Þema þingsins: **Sköpun, gróska og gleði**

Frumkvæði og skapandi hugur er mikilvægt afl í mannlegri tilveru og drifkraftur í menntun til framtíðar. Við þurfum á skapandi huga að halda til að ná að þroska hæfileika okkar, ráða fram úr flóknum kröfum og fjölþættum viðfangsefnum nútímans. Í sköpun felast kraftar sem eru mikilvægir fyrir okkur sem einstaklinga en einnig fyrir samfélagið í heild.

Í íslenskri menntastefnu er sköpun einn af sex þeim grunnþáttum menntunar sem ætlað er að speglist í daglegum störfum nemenda og kennara og talið er mikilvægt að náms- og kennsluaðferðir ýti undir sköpun og feli í sér sambland forvitni, skoðunar, ímyndunarafis og gagnrýnnar hugsunar.

Á vorþingi Delta Kappa Gamma verður rætt um sköpun frá ýmsum hliðum. Fyrirlesarar koma úr ýmsum áttum en eiga það sameiginlegt að vera forkólfar á sviði sköpunar, hafa sýnt frumkvæði og sköpunarkraft í störfum sínum víða um Austurland.

Dagskrá þingsins er í mótun en ekki seinna vænna fyrir félagskonur að fara undirbúa ferð austur á land í vor 😊. Gert er ráð fyrir móttökuathöfn að loknu vorþingi og sameiginlegum kvöldverði í Gistihúsinu Egilsstöðum. Þar er einnig hægt að fá gistingu en margir gistimöguleikar eru í boði samkvæmt meðfylgjandi vefslóðum. Hvetjum konur til að fara að huga að skemmtilegri ferð og samveru í fallegu umhverfi með spennandi dagskrá frá heimakonum!

<http://www.visitegilsstadir.is/is/gisting/gistihusid-lake-hotel-egilsstadir>

<http://www.visitegilsstadir.is/is/gisting/hotel-valaskjalf>

<http://www.visitegilsstadir.is/is/gisting/icelandair-hotel-herad>

<http://www.visitegilsstadir.is/is/gisting/birta-guesthouse>

<http://www.visitegilsstadir.is/is/gisting/guesthouse-olga>

<http://www.visitegilsstadir.is/is/gisting/lyngas-guesthouse>



*Stefnuyfirlýsing Delta Kappa Gamma:  
Alþjóðasamtökin Delta Kappa Gamma  
studla að auknum fræðilegum og  
persónulegum þroska kvenna í  
fræðslustörfum og gæðum í menntun og  
uppeldisstörfu*



Delta Kappa Gamma, Íslandi

Hautfréttabréf 2017



Heimasíðan okkar er:  
<http://dkg.is>

Heimasíða EvrópuForum er:  
<http://dkgeurope.org>

Heimasíða alþjóðasamtakanna er:  
<http://dkg.org>